

Alþingi
Erindi nr. P 140/555
komudagur 28.11.2011

1. mál

Fundur
Félags sjálfstætt starfandi
sjúkraþjálfara
með
velferðarnefnd
28. nóvember 2011



Félag sjálfstætt starfandi sjúkrabjálfara (FSSS)

- Yfir 300 félagsmenn. Þjónustugeiri með hátt á fjórða hundrað einstaklinga að meðöldu aðstoðarfólki.
- Um áratugaskeið sinnt sjúkrabjálfun utan stofnana með samningum við Tryggingastofnun ríkisins og síðar Sjúkratryggingar Íslands.
- Mynda þjónustunet fyrir hæfingu og endurhæfingu um allt landið.

Sjúkrabjálfun

- Hluti af grunnþjónustunni. Ódýrt úrræði innan heilbrigðisþjónustunnar.
- Helstu verkefni sjálfstætt starfandi sjúkrabjálfara felast í stoðkerfi líkamans (sem er ein helsta orsök örorku á Íslandi) ásamt þjónustu fyrir ýmsa aðra sjúklingahópa s.s. fatlaða, hjartasjúklinga, sjúklinga með skaða á taugakerfi ofl.
- Þjónusta sem sparar ríkinu gríðarlegar fjárhæðir t.d. með því að draga úr þörf fyrir lyfjanotkun, kostnaðarsamar innlagnir á stofnanir, dýrar rannsóknir og aðgerðir ásamt því að gera öldruðum kleift að búa lengur í heimahúsum.
- Í samanburði við nágrennalönd okkar á kostnaði og skiptafjölda er mikilvægt að gera sér grein fyrir að hér á landi er nánast öll sjúkrabjálfun utan stofnanna er veitt af sjálfstætt starfandi sjúkrabjálfurum. Víða annars staðar s.s. á Norðurlöndunum eru sjúkrabjálfarar starfandi á heilsugæslustöðvum, sambýlum, stofnunum og fyrirtækjum og er því beinn samanburður óraunhæfur.



Niðurskurður í kjölfar efnahagshruns

- Nú þegar hefur mjög mikið verið skorið niður í útgjöldum hins opinbera til þjálfunar (sjúkra-, iðju- og talþjálfunar innan Sjúkratrygginga Íslands).
- Tvívegis hefur reglugerð um þjálfun verið breytt þar sem réttur sjúkratryggðra til að njóta þjónustunnar hefur verið skertur og greiðsluþátttaka sjúklinga aukin. Síðasta reglugerðabreyting sem tók gildi 1. júní s.l. var gerð til að bregðast við auknum kostnaði sem að öllu leyti mátti rekja til aukins fjölda sjúklinga sem vísað er í sjúkrapjálfun ásamt umsaminna gjaldskrárhækkunar.
- Í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er boðaður enn frekari niðurskurður upp á 150 milljónir. Gangi það eftir hafa útgjöld hins opinbera til þjálfunar dregist saman um 33,8% frá árinu 2009 (uppreiknuðu á verðlagi ársins 2012 skv. spá Hagstofunnar).
- Ekki verður dregið úr útgjöldum hins opinbera nema með enn frekari skerðingu á réttindum sjúkratryggðra.
- Skortur á heildarsýn og stefnumótun. Ekki gerðar mælingar eða athuganir á áhrifum niðurskurðar á einni þjónustu á ásókn í aðra þjónustu.
- Líklegt að skert aðgengi að þjónustu sjúkrapjálfa leiði til aukinnar ásóknar i önnur og dýrari úrræði s.s. tíðari heimsóknir á heilsugæslu og til sérfræðilækna, í rannsóknir, aðgerðir á göngudeildum bæklunarlækna og til aukinnar lyfjanotkunar.



Norræna velferðarkerfið?

- Verulegrar skekkju gætir í umræðu um heilbrigðisþjónustuna. Svo virðist sem heilbrigðisyfirvöld líti gjarnan á heilbrigðisþjónustu eingöngu sem þá þjónustu sem fram fer innan stofnana eða kostnað við lyfjakaup.
- Meðferðargjald sjúklinga í sjúkráþjálfun hefur hækkað mikið á undanförunum árum. Frá ársbyrjun 2008 hefur gjald hins almenna borgara nú þegar hækkað um 41,3%. Gjald á þá lífeyrisþega sem best standa hefur hækkað um 81,7%. Reynt hefur verið að standa vörð um börn og þá lífeyrisþega sem verst standa en þó hefur gjald þeirra hækkað um 21,1% á tímabilinu.
- Í dag greiðir hinn almenni borgari 70% kostnaðar við sjúkráþjálfun. Eftir að hann hefur greitt 97.632 krónur á ársgrundvelli á hann rétt á afsláttarkorti en greiðir þó áfram 40% af kostnaðinum. Í samanburði má geta að í frumvarpi um breytta greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði lækkar greiðsluþátttaka sjúklings niður í 15% eftir að hafa greitt 25.000 og útgjöld til lyfjakaupa eiga aldrei að verða hærri en 65.000.
- Hugmyndir velferðarráðuneytisins tii að ná fram fyrirhuguðum niðurskurði felast í að auka enn á greiðsluþátttöku sjúklinga og að sjúklingar greiði meðferð jafnvel að fullu að einhverju leiti.
- Síðustu áratugi hefur mikil þróun átt sér stað innan heilbrigðisþjónustunnar og mörg verkin hægt að framkvæma nú utan stofnanna sem áður krafðist innlagna við. Greiðsluþátttaka sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu hefur ekki fylgt þessari þróun eftir og miðast niðurgreiðsla hins opinbera enn að mjög miklu leyti við að niðurgreiða sem mest þjónustu við innliggjandi sjúklinga en í mun minna mæli þá þjónustu sem veitt er á göngudeildum og utan stofnanna. Greiðsluþátttaka sjúklings endurspeglar því ekki endilega umfang vandans.

Dæmi:

- Samkvæmt DRG verðskrá Landspítalans kostar botnlangaaðgerð 331.483. Miðað við að almennur sjúklingur greiði komugjald og endurkomu samtals 10.000 greiðir hann um 3% kostnaðar.
- Brjós-klossjúklingur sem kemur til sjúkráþjálfara að meðaltali 3 sinnum í viku í 8 vikur eða samtals 24 meðferðir. Heildarmeðferðarkostnaður er 113.334, þar af greiðir sjúklingurinn 79.326 eða 70%.



Samanburður á niðurskurði innan Sjúkratrygginga Íslands og ýmissa liða undir velferðarráðuneytinu

Sjúkratryggingar Íslands	Mismunur fjárlagafrumvarp 2012 / fjárlög 2009
Lækniskostnaður	-3,4%
Lyf	-19,7%
Lyf með S-merkingu	48,3%
Lyf samtals	-3,7%
Hjálpartæki	-16,0%
Hjúkrun í heimahúsum	-2,7%
Þjálfun	-41,1%
Þjálfun m.t.t. tilfærslu v/ starfsendurhæfingar	-33,8%
Tannlækningar	-25,4%
Sjúkrafluttningar og ferðir innanl	9,3%
Brýn meðferð erlendis	51,8%
Sjúkrakostn. v/veikinda og slysa erl.	-4,0%
Sjúkradagpeningar	-15,6%
Annað	-8,2%
Sjúkratryggingar samtals	-7,1%
Ýmsir aðrir liðir undir velferðarráðuneyti	
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	-7,8%
Samningur um sjúkrabjálfun f. Fatlaða	11,1%
Sjálfsbjörg á Akureyri	-8,5%
Sumardvalarheimili í Reykjadal	-100%
Endurhæfingarstöð hjarta og lungnasj. Rvík	-9,0%
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	-9,8%
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	-8,8%
Endurhæfingarstöð hjarta og lungnasj. Akurey.	-9,3%
Sjúkrahúsið á Akureyri samtals	-6,3%
Sjúkrahúsið á Akureyri sértekju	1,8%
Sjúkrahúsið á Akureyri greitt af ríkissjóði	-7,1%
Landspítali samtals	-2,6%
Landspítali sértekjur	2,1%
Landspítali greitt af ríkissjóði	-4,5%
Sjúkrahús óskipt	-91,6%
SÁÁ	-13,1%
Reykjalundur	-11,9%
HNLFI	-16,3%
Sjálfsbjörg hjúkrunar og endurhæfingarstofnun	-6,7%

